

Landlæknisembættið

Suðurströnd

170 Seltjarnarnesi

Efni: Kvörtun í þremur liðum vegna heilbrigðisþjónustu á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU), Selfossi/ YY, heimilislæknir.

- ✓ Ofskömmtnun lyfja/lífshættulegir skammtar
- ✓ Röng sjúkdómsgreining
- ✓ Ekki er fengin viðeigandi meðferð þegar draga á úr notkun Tramols

Aðdragandi:

Undirritaður XX lenti í bílslysi í september 2005. Farið var á slysadeild LSH í Fossvogi og í framhaldi til heimilislæknis á Selfossi, YY Verkjakvartanir voru meðhöndlaðar með sjúkraþjálfun og vaxandi skömmtnum af Tramol (allt að 1400 mg/dag). Verkir voru enn versnandi 5 mánuðum síðar en þá fyrst var farið að mynda svæðið og reyndist hann hafa fengið samfallsbrot á hrygg. Röntgenmynd var tekin á Selfossi og segulómun gerð á LSH.

XX fór að fá krampa sem virðast eingöngu vera aukaverkanir Tramols. Þessar alvarlegu aukaverkanir voru meðhöndlaðar með fleiri lyfjum á LSH og vandamálið ekki sett í samhengi við ofskömmtnun Tramols.

Spurningar varðandi þjónustuna sem veitt/ekki var veitt á tímabilinu 2005-2009.

Þess er farið á leit að Landlæknir svari eftirfarandi spurningum vegna meðferðarinnar:

1. **Hvað olli ofskömmtnun lyfja?** Lyfjaskömmtnun YY er lýst í meðfylgjandi álitsgerð BB prófessors. Nákvæm lyfjasaga ætti að vera skráð í Sögukerfið hjá HSU. Í álitsgerðinni kemur fram að skömmtnunin hafi verið komin langt yfir lífshættulega skammta og ekki í samræmi við eðlilegar vinnu- og verklagsreglur.
2. Fimm mánuðum eftir slysið var fyrst tekin röntgenmynd á Selfossi, þá kom í ljós að um samfallsbrot á hrygg að ræða, síðar var einnig tekin sneiðmynd á LSH af sama

broti. Verkir versnuðu þrátt fyrir sjúkraþjálfun og verkjalyfjameðferð. **Hver hefði verið eðlileg meðferð við samfallsbroti og hverjar hefðu batahorfurnar verið ef rétt meðferð hefði verið veitt strax í upphafi?**

3. XX hefur ekki fengið aðstoð vegna fráhrarfseinkenna þegar farið var að minnka Tramolið. Hver er réttur hans varðandi meðferð við ofskömmtun og hvert á hann að snúa sér til að fá viðeigandi meðferð?

XX var innlagður enn á ný á Slysadeild LSH þann 30. júní vegna krampa og gefur hér með systur sinni Auðbjörgu Reynisdóttur, umboð til að rita þessa kvörtun og fylgja málinu eftir.

Seltjarnarnesi 1. júlí 2010

TRÚNARÐARMÁL